



10. september 2015
Tilvísun: 1509023

LEX lögmannsstofa
b.t. Garðar G. Gíslason, hdl.
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Efni: Beiðni um upplýsingar – RSS efnisveita Seðlabanka Íslands

Vísað er til erindis yðar, sem barst með tölvupósti, dags. 27. ágúst sl., þar sem þér óskið eftir upplýsingum um notendur RSS efnisveitu (e. *RSS-feed*) Seðlabanka Íslands á þeim tíma er fréttatilkynning um húsleit bankans hjá Samherja hf., þann 27. mars 2012, var send út, en fréttatilkynningin barst m.a. til notenda í gegnum áðurnefnda RSS efnisveitu. Nánar tiltekið óskið þér eftir upplýsingum um endingar netfanga þeirra notenda er tengdust RSS efnisveitu bankans.

Í umsögn Seðlabanka Íslands til úrskurðarnefndar um upplýsingamál, dags. 21. ágúst 2012, í kjölfar kæru LEX lögmannsstofu, f.h. Samherja hf., dags. 12. júlí 2012, kom fram að á útsendingalista fréttta hafi verið 541 netfang og jafnframt að tæplega 78% þeirra hefðu .is endingu en að rúmlega 22% hefðu annars konar endingu. Við nánari skoðun Seðlabanka Íslands og þjónustuaðila bankans hefur komið í ljós að á útsendingalista fréttta í RSS efnisveitu bankans var 601 netfang og var skipting þeirra eftir endingum með eftirfarandi hætti:

- .is – 275 notendur.
- .com – 199 notendur.
- .net – 17 notendur.
- .de – 13 notendur.
- .se – 12 notendur.
- .uk og .org – 11 notendur.
- .dk – 10 notendur.
- .no – 9 notendur.
- .jp – 6 notendur.
- .lu, .pl og .ch – 4 notendur.
- .it og .es – 3 notendur.
- .int, .ca, .at og .ee – 2 notendur.
- .il, .fi, .gg, .hk, .nl, .info, .edu, .sg, .eu, .fo, .kr og .be – 1 notandi.

Seðlabanki Íslands biðst velvirðingar á því að hafa veitt ófullnægjandi upplýsingar á fyrri stigum málsins.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS
Sigríður Logadóttir

Sigríður Logadóttir,
aðallögfræðingur

Ólafur Pál Ólafsson

Ólafur Pál Ólafsson,
lögfræðingur